

4. gr.

Guðfræðinema skal skylt að taka þátt í starfsþjálfun með fullnægjandi hætti að mati starfsþjálfunarnefndar á hverjum tíma.

Fyrri hluta starfsþjálfunar sem veitir réttindi til að sækja um prestsembætti lýkur að jafnaði um leið og nemi lýkur kandidatsprófi. Síðari hluti starfsþjálfunar fer fram þegar kandidat hefur fengið embætti.

Kirkjuráð kveður nánar á um greiðslur vegna starfsþjálfunar að fengnum tillögum starfsþjálfunarnefndar.

5. gr.

Að loknum fyrri hluta starfsþjálfunar veitir starfsþjálfunarnefndin biskupi umsögn um guðfræðinema. Þar skal nefndin m.a. láta í té álit sitt á því hvort hlutaðeigandi sé hæfur til að gegna prestsembætti.

Að því loknu gefur biskup út staðfestingu á því að guðfræðinemi hafi lokið lögboðinni starfsþjálfun með fullnægjandi hætti og sé hæfur til að taka prestsvígslu.

6. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 38. gr. og 59. gr. laga nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003. Starfsreglur um þjálfun prestsefna nr. 736/1998 falla brott frá sama tíma.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um presta nr. 735/1998.

1. gr.

Orðið „prófasti“ í 2. mál. 15. gr. fellur brott.

2. gr.

Við 16. gr. bætist nýr málsl. svohljóðandi:

Hlutaðeigandi prófasti skal gefinn kostur á að lýsa við valnefndina sjónarmiðum sem varða prófastsdæmið í heild.

3. gr.

Við 18. gr. bætist: og umsækjendur.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar öðlast gildi 1. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

**um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um
skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.**

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um

skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 12. gr. breytast sem hér segir:

1. Kjalarnessprófastsdæmi.

Kirkjuvogssókn sem tilheyrir Grindavíkurprestakalli skal tilheyra Njarðvíkurprestakalli.

Vallasókn nefnist Ástjarnarsókn og Vallaprestakall nefnist Tjarnaprestakall.

Kálfatjarnarsókn sem tilheyrir Garðaprestakalli skal tilheyra Tjarnaprestakalli.

Saurbæjarsókn skiptist milli Brautarholtssóknar og Reynivallasóknar. Sóknarmörk eru hin sömu og mörk Reykjavíkur og Kjósarhrepps.

2. Ísafjarðarprófastsdæmi.

Melgraseyrar- og Nauteyrarsóknir, sem tilheyra Staðarprestakalli, skulu tilheyra Hólma-
víkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi.

2. gr.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. nóvember 2002. Stofnun Grafarholtsprestakalls, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, er frestað til 1. júlí 2004. Fram að þeim tíma tilheyrir Grafarholtssókn Árbæjarprestakalli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sett verði í sóknarprestsembætti í Prestsbakkaprestakalli frá 1. nóvember 2002 til árs-
loka 2003.